

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008-2020,
opin svæði, Þórisstöðum.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 8. september 2011 breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 sem samþykkt var í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar þann 12. júlí 2011. Niðurstaða sveitarstjórnar var birt 17. ágúst 2011.

Í breytingunni felst að skilgreiningin tjald- og smáhýsasvæði er felld niður fyrir opið svæði O26 og smáhýsasvæði bætt við skilgreiningu opins svæðis O25. Svæðin eru í landi Þórisstaða.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 8. september 2011.

Stefán Thors.

Erna Hrönn Geirsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 22. september 2011